

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2012

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2012 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 43,1 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 46,7 ma.kr. fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 18,5 ma.kr. en 5,1 ma.kr. halli var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 56,5 ma.kr.

Halla á þáttatekjum má eins og áður að miklu leyti rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 34,4 ma.kr. og tekjur 4,1 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var óhagstæður um 26,2 ma.kr. og viðskiptajöfnuður óhagstæður um 12,7 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.729 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.896 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.167 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 40 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.897 ma.kr. og skuldir 3.681 ma.kr. og var hrein staða þá neikvæð um 784 ma.kr.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>	<u>2011, IV</u>	<u>2012, I</u>
Viðskiptajöfnuður	-39,7	-34,4	10,0	-46,7	-43,1
Útflutningur vöru og þjónustu	202,3	237,9	278,2	234,3	220,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-177,2	-202,0	-217,2	-223,1	-207,2
Þáttatekjur og framlög, nettó	-64,7	-70,2	-51,0	-57,9	-56,5
Fjármagnsjöfnuður	-25,4	-45,8	62,1	18,7	75,6
Fjármagnshreyfingar án forða	47,4	6,3	158,2	128,9	-45,9
Erlendar eignir, nettó	-10,6	3,0	52,1	340,7	88,2
Erlendar skuldir, nettó	58,1	3,4	106,1	-211,8	-134,2
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-72,8	-52,1	-96,1	-110,1	121,6
Skekkjur og vantalið, nettó	65,1	80,2	-72,1	28,0	-32,5
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	-15,5	-13,3	36,1	-22,9	-12,7

Tafla 2. Erlend staða þjórðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2011, I</u>	<u>2011, II</u>	<u>2011, III</u>	<u>2011, IV</u>	<u>2012, I</u>
Erlendar eignir, alls	4.459	4.577	4.554	4.449	4.729
Bein fjárfesting erlendis	1.424	1.417	1.368	1.387	1.433
Erlend markaðsverðbréf	871	997	1.031	963	993
Aðrar fjáreignir en forði	1.400	1.336	1.244	1.052	1.326
Gjaldeyrisforði	764	828	912	1.047	977
Erlendar skuldir, alls	14.375	14.237	13.829	13.656	13.896
Bein fjárfesting á Íslandi	1.449	1.498	1.496	1.539	1.681
Innlend markaðsverðbréf	3.169	3.104	2.826	2.517	2.248
Aðrar erlendar skuldir	9.758	9.635	9.507	9.600	9.966
Hrein staða við útlönd	-9.917	-9.659	-9.275	-9.207	-9.167
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð	-949	-931	-940	-861	-784

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.